

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1275/2008

2011/EES/10/15

frá 17. desember 2008

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmttilskipun2005/32/EBskal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi vishönnun, að því er varðar vörur sem nota orku og eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta að því er varðar umhverfisáhrif þeirra án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.
- 2) Í öðrum undirlið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/32/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun, innleiða sérstaka framkvæmdarráðstöfun til að draga úr orkutapi í reiðuham hjá tilteknum vöruflokki.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á orkutapi tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá ESB og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.
- 4) Fram kemur í undirbúningsrannsókninni að orkutap verður í meirihluta raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota, sem seld eru innan Bandalagsins, þegar þau eru í reiðuham og þegar slökkt er á þeim, og að árleg raforkunotkun tengd orkutapi vegna tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim er áætluð 47 TWh árið 2005 sem jafngildir losun 19 milljóna tonna af koltvísýringi. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er því spáð að notkunin aukist í 49 TWh árið 2020. Komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að draga megi verulega úr raforkunotkun vegna orkutaps tækja þegar þau eru í reiðuham og þegar slökkt er á þeim.
- 5) Bæta skal raforkunotkun tækja í reiðuham og í ham þar sem slökkt er á þeim með því að beita fyrirliggjandi kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota búnað.
- 6) Kröfur varðandi vishönnun með tilliti til aflþarfar raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota í reiðuham og þegar slökkt er á þeim skulu settar fram með það í huga að samræma slíkar kröfur í gervöllu Bandalaginu og styðja starfsemi innri markaðarins og stuðla að umbótum á vistvænleika þessara vara.
- 7) Kröfur varðandi vishönnun skulu ekki hafa neikvæð áhrif á virkni vöru og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi og umhverfi. Einkum skal ávinningurinn af því að draga úr raforkunotkun á notkunartíma vera meiri en hugsanleg viðbótar-umhverfisáhrif á framleiðslustigi raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota þar sem orkutap verður þegar þau eru í reiðuham og/eða þegar slökkt er á þeim.
- 8) Beiting þessarar reglugerðar skal takmarkast við vörur til heimilis- og skrifstofunota, ætlaðar til notkunar á heimilum, og sem samsvara, ef um er að ræða upplýsingatæknibúnað, búnaði í flokki B í staðli EN 55022:2006. Gildissviðið skal skilgreint þannig að búnaður sem ekki er enn fánlegur á markaði en er ætlaður fyrir samskonar notkun og þær vörur sem nefndar eru sérstaklega í þessari reglugerð sé hannaður þannig að hann uppfylli kröfurnar. Ef við á má bæta við skrána yfir vörur með breytingu á þessari reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2011 frá 11. febrúar 2011 um breytingu á IV viðauka (Orka) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

9) Taka skal vinnsluham, sem ekki fellur undir þessa reglugerð, svo sem ACPI S3-ham tölva, til athugunar í framkvæmdarráðstöfunum, sem varða tiltekna vöru, í samræmi við tilskipun 2005/32/EB.

10) Að jafnaði skulu kröfur fyrir tæki í reiðuham og þegar slökkt er á þeim, sem kveðið er á um í framkvæmdarráðstöfunum, sem varða tiltekna vöru, í samræmi við tilskipun 2005/32/EB, ekki vera síður metnaðarfullar en þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

11) Svo koma megi í veg fyrir óþarfa orkutap er æskilegt að vörur skipti yfir í ham þar sem aflþörfin er „núll vött“ þegar engin aðgerð er virk. Í viðeigandi framkvæmdarráðstöfun í samræmi við tilskipun 2005/32/EB skal það ákvarðað í tilviki hvernar vöru fyrir sig hvort það er viðeigandi eða framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti.

12) Með því að láta kröfur varðandi vishönnun taka gildi í tveimur áföngum ætti framleiðendum að vera kleift að endurhanna vörur innan viðeigandi tímaramma að því er varðar virkni í reiðuham og orkutap tækja þegar slökkt er á þeim. Tímasetning áfanganna skal ákvörðuð þannig að unnt sé að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar, sem er á markaði, og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að stefnumið náist tímanlega. Mælingar á aflþörf skulu gerðar með tilliti til almennt viðurkenndrar nýjustu og fullkomnustu tækni og geta framleiðendur beitt samhæfðum stöðlum í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

13) Reglugerð þessari er ætlað að auka útbreiðslu á markaði á tækni sem bætir orkunýtni tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim, vegna orkutaps sem af hlýst, og leiðir þar með til áætlaðs orkusparnaðar sem nemur 35 TWh árið 2020, miðað við óbreyttar aðstæður.

14) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2005/32/EB skal í þessari reglugerð tilgreina að gildandi aðferðir við samræmismat eru innra hönnunareftirlit, sem sett er fram í IV. viðauka, og stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við tilskipun 2005/32/EB.

15) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skal þess krafist af framleiðendum að þeir veiti upplýsingar, sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2005/32/EB, um það hvenær tækið er í reiðuham og hvenær er slökkt á því og skilgreini þessa hami og samsvarandi aflþörf.

16) Setja skal viðmiðanir fyrir fyrirbyggjandi tækni með litla aflþörf í reiðuham og þegar slökkt er. Þetta hjálpar til við að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og mjög lítil fyrirtæki, sem auðveldar enn frekar

sambættingu bestu hönnunartækni til að draga úr orkunotkun tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar kröfur varðandi vishönnun með tilliti til aflþarfar tækja í reiðuham og þegar slökkt er á þeim. Þessi reglugerð gildir um raf- og rafeindatæki til heimilis- og skrifstofunota.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar eru fram í tilskipun 2005/32/EB. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Raf- og rafeindatæki til heimilis- og skrifstofunota“ (hér á eftir nefnd tæki): allar vörur sem nota orku og

a) fást á almennum markaði sem ein búnaðareining ætluð fyrir endanlegan notanda,

b) eru á skrá yfir vörur sem nota orku í I. viðauka,

c) eru háðar raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og

d) eru hannaðar til notkunar við málspennu sem fer ekki yfir 250 V,

jafnvel þegar þær eru settar á markað til notkunar utan heimilis eða skrifstofu.

2. „Reiðuhamur“: ástand þar sem búnaður er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir **eingöngu** kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:

- endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða

3. gr.

Kröfur varðandi vishönnun

- birting upplýsinga eða stöðu.

Kröfur varðandi vishönnun með tilliti til aflþarfar tækja í reiðuhum og þegar slökkt er á þeim eru settar fram í II. viðauka.

4. gr.

3. „Endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkur hamur, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýring, innbyggður nemi eða tímamælir, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. meginaðgerð.

Samræmismat

Aðferðin við samræmismat sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2005/32/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

4. „Birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

5. „Virkur hamur“: ástand þar sem búnaðurinn er tengdur rafkerfinu og a.m.k. ein meginaðgerðanna, sem hlutverk búnaðarins felur í sér, hefur verið gerð virk.

Eftirlit skal fara fram í samræmi við sannprófunaraðferðina sem sett er fram í III. viðauka.

6. gr.

6. „Slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaður er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk og telst eftirfarandi enn fremur falla undir að slökkt sé á búnaði:

Viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði eru tilgreindar í IV. viðauka.

- a) ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði,

7. gr.

Endurskoðun

- b) ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en sex árum eftir gildistöku hennar og kynna niðurstöður þeirrar endurskoðunar á samráðsvettvanginum.

8. gr.

7. „Upplýsingatæknibúnaður“: allur búnaður sem er fyrst og fremst ætlaður til þess að færa inn, vista, birta, endurheimta, senda eða vinna gögn eða fjarskiptaboð, eða til að miðla eða stýra gögnum eða fjarskiptaboðum, og er búinn einu eða fleiri tengjum sem eru venjulega notuð við flutning á upplýsingum.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar í II. viðauka taka gildi einu ári eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr.

Ákvæði 2. liðar í II. viðauka taka gildi fjórum árum eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr.

⁽¹⁾ Stjútöð. ESB L 390, 31.2.2004, bls. 24.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Andris PIEBALGS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir vörur sem nota orku og falla undir þessa reglugerð

1. Heimilistæki
 - Þvottavélar
 - Þurrkarar
 - Uppþvottavélar
 - Eldunartæki:
 - Rafmagnsbakarofnar
 - Rafmagnshitaplötur
 - Örbylgjuofnar
 - Brauðristir
 - Djúpsteikingarpottar
 - Kvarnir, kaffivélar og búnaður til að opna eða innsigla ílát eða umbúðir
 - Rafmagnshnifur
 - Önnur tæki til eldunar og annarrar vinnslu matvæla, þrifa og viðhalds á fatnaði
 - Hárskurðartæki, hárfurrkur, rafmagnstannburstar, rakvélar, nuddtæki og önnur tæki, notuð til snyrtingar
 - Vogir
 2. Upplýsingatæknibúnaður sem fyrst og fremst er ætlaður til nota á heimilum
 3. Neytendabúnaður
 - Útvarpstæki
 - Sjónvarpstæki
 - Myndtökutæki
 - Myndbandsupptökutæki
 - Hi-fi-upptökutæki
 - Magnarar
 - Heimabíókerfi
 - Hljóðfæri

og annar búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum
 4. Leikföng, tómsunda- og íþróttabúnaður
 - Rafmagnsjárnbrautir eða -bílabrautir
 - Handstjórnborð myndbandsleikja
 - Íþróttabúnaður með raf- eða rafeindaíhlutum
 - Önnur leikföng, tómsunda- og íþróttabúnaður
-

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. Einu ári eftir að þessi reglugerð hefur öðlast gildi:

a) Aflþörf þegar slökkt er á búnaði:

Aflþörf þegar slökkt er á búnaði skal ekki fara yfir 1,00 W.

b) Aflþörf í reiðuham:

Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk skal ekki fara yfir 1,00 W.

Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu skal ekki fara yfir 2,00 W.

c) Innbyggðu möguleikarnir slökkt á búnaði og/eða reiðuhamur

Búnaðurinn skal, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, hafa möguleikana slökkt á búnaði og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum, þegar hann er tengdur rafkerfinu.

2. Fjórum árum eftir að þessi reglugerð hefur öðlast gildi:

a) Aflþörf þegar slökkt er á búnaði:

Aflþörf þegar slökkt er á búnaði skal ekki fara yfir 0,50 W.

b) Aflþörf í reiðuham:

Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk skal ekki fara yfir 0,50 W.

Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu skal ekki fara yfir 1,00 W.

c) Innbyggðu möguleikarnir slökkt á búnaði og/eða reiðuhamur

Búnaðurinn skal, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, hafa möguleikana slökkt á búnaði og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum, þegar hann er tengdur rafkerfinu.

d) Orkusparnaður

Þegar meginaðgerð búnaðarins er ekki virk eða þegar aðrar vörur sem nota orku eru ekki háðar aðgerðum hans, skal hann, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, bjóða upp á orkusparnaðaraðgerðir, eða sambærilega aðgerð, sem skiptir búnaðinum sjálfkrafa eins fljótt og mögulegt er, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, yfir í:

– reiðuham eða

– ham þegar slökkt er á búnaðinum eða

– annað ástand án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á búnaðinum og/eða hann er í reiðuham og þegar búnaðurinn er tengdur rafkerfinu. Orkusparnaðaraðgerð skal gerð virk áður en varan er afhent.

3. Mælingar

Aflþörfin, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar, skal ákvörðuð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndrar nýjustu og fullkomnustu tækni.

Mælingar á afli sem er 0,50 W eða meira skulu gerðar með óvissu sem er 2% eða minna við 95% öryggisstig. Mælingar á afli sem er minna en 0,50 W skulu gerðar með óvissu sem er 0,01 W eða minna við 95% öryggisstig.

4. Upplýsingar sem framleiðendum ber að veita

Að því er varðar samræmismat skv. 4. gr. skulu tækniskjölín innihalda eftirfarandi þætti:

- a) Að því er varðar hvern reiðuham eða þann ham þegar slökkt er á búnaði:
 - gögn um aflþörf í vöttum með tveimur aukastöfum,
 - mæliaðferðina sem var notuð,
 - lýsingu á því hvernig hamur tækisins var valinn eða forritaður,
 - röð atburða þar til búnaðurinn skiptir sjálfkrafa úr einum ham í annan,
 - hugsanlegar athugasemdir varðandi notkun búnaðarins,
- b) Prófunarþættir fyrir mælingarnar:
 - umhverfishiti
 - prófunarspenna í V og tíðni í Hz,
 - heildaryfirsveiflúbjögun rafveitukerfisins,
 - upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnspröfun.
- c) Þeir eiginleikar búnaðar sem máli skipta við mat á samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í c-lið 1. liðar eða kröfurnar sem settar eru fram í c- og/eða d-lið 2. liðar, eftir því sem við á, þ.m.t. tíminn sem það tekur fyrir búnaðinn að skipta sjálfkrafa yfir í reiðuham, eða þann ham þegar slökkt er á búnaðinum, eða annað ástand, án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf búnaðar í reiðuham eða þegar slökkt er á honum.

Einkum skulu tæknileg rök lögð fram, ef við á, um að kröfurnar í c-lið 1. liðar, eða kröfurnar í c- og/eða d-lið 2. liðar eigi ekki við fyrirhugaða notkun búnaðarins.

*III. VIÐAUKI***Sannprófunaraðferð**

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/32/EB skulu yfirvöld aðildarríkisins beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í a- og b-lið 1. liðar eða a- og b-lið 2. liðar í II. viðauka, eftir því sem við á.

Að því er varðar aflþörf sem er yfir 1,00 W skulu yfirvöld í aðildarríkjunum prófa staka einingu.

Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði a- og b-liðar 1. liðar eða a- og b-liðar 2. liðar í II. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, ef niðurstöður fyrir reiðuham og/eða þegar slökkt er á búnaði fara ekki meira en 10 % yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti skulu þrjár einingar til viðbótar prófaðar. Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar ef meðaltal niðurstaðna úr þremur síðari prófununum í reiðuham og/eða þegar slökkt er á búnaði, eftir því sem við á, fer ekki meira en 10% yfir viðmiðunarmörkin.

Að því er varðar aflþörf sem er 1,00 W eða minni skulu yfirvöld í aðildarríkjunum prófa staka einingu.

Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði a- og b-liðar 1. liðar eða a- og b-lið 2. liðar í II. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, ef niðurstöður fyrir reiðuham og/eða þegar slökkt er á búnaði fara ekki meira en 0,10 W yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti skulu þrjár einingar til viðbótar prófaðar. Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar ef meðaltal niðurstaðna úr þremur síðari prófununum í reiðuham og/eða þegar slökkt er á búnaði, eftir því sem við á, fer ekki meira en 0,10 W yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti telst tegundin ekki uppfylla kröfurnar.

*IV. VIÐAUKI***Viðmiðanir**

Eftirfarandi viðmiðanir eru tilgreindar skv. 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2005/32/EB.

Í ham þegar slökkt er á búnaði: 0 W-0,3 W með rofa rafkerfismegin, m.a. með hliðsjón af eiginleikum er varða rafsegulsviðssamhæfi samkvæmt tilskipun 2004/108/EB.

Reiðuhumur — endurvirkjunaraðgerð: 0,1 W.

Reiðuhumur — skjár: 0,1 W fyrir einfalda skjái og lágaflsljósdíóður, stærri skjáir (t.d. fyrir klukkur) þurfa meira afl.
